

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

- 3.2 Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki. Gjöld samkvæmt þessari reglugerð skulu breytast í samræmi við breytingar er verða á vísitölu byggingarkostnaðar frá því sem hún er 1. nóvember 1974 (1455 stig), þó ekki yfir 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Heimilt er bæjarstjórn Ísafjarðar, fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari um allt að 50%, hvert um sig eða öll í einu, án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 217 8. ágúst 1972.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur.

1. gr.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði sem hún nær yfir og getur fullnægt, svo og til Bolungarvíkurhafnar.

2. gr.

Vatnsveitunefnd skipa 3 aðalmenn og 3 varamenn, kosnir af bæjarstjórn til fjögurra ára. Annast hún öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, og umsjón eigna, undir yfirstjórn og í samráði við bæjarstjórn.

3. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og annast bæjarstjóri reikningshaldið, innheimtu og greiðslur. Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga og fylgja bæjarreikningunum ár hvert.

4. gr.

Bæjarstjórn lætur leggja vatnsæðar svo víða um bæinn, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim við veg, götu eða annað almenningssvæði, er lóðir þeirra liggja að eða eru í námunda við.

Vatnsveitan skal sjá um viðhald og endurbætur á stofnæðum hinna eldri vatnsveitna, sem tengdar hafa verið við vatnsæðar vatnsveitu bæjarins.

5. gr.

Hver sá, sem komast vill í samband við Vatnsveitu Bolungarvíkur, skal senda bæjarstjórn umsókn þar um. Umsóknin skal vera skrifleg og henni skulu fylgja teikningar er sýni legu og dýpt heimæðar og upplýsingar um áætlaða vatnsnotkun og til hvers vatn skuli notað.

6. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsæðum vatnsveitunnar, hvorki nýlagnir eða breytingar á eða viðbætur við eldri vatnslagnir, nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða frá aðalæð í hús sín og annast viðhald þeirra.

Fyrir tengingu heimæða skal greiða sérstakt tengigjald, samkvæmt gjaldskrá vatnsveitunnar.

7. gr.

Samþykki fyrir tengingu heimæða við vatnsveitukerfið skuldbindur ekki vatnsveituna til að tryggja að þrýstingur í götuæð sé ávallt nægjanlegur.

8. gr.

Með umsókn fylgi uppdráttur í tvíriti, og eigi í minni mælikvarða en 1:100. Skal uppdrátturinn gerður af hæfum manni, sem hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituæð. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

9. gr.

Þegar uppdráttur hefur hlotið samþykki vatnsveitunefndar, skal stimpla og árita bæði eintökin, og skal annað geymt í skjalasafni vatnsveitunnar.

10. gr.

Pípulagningameistarar, sem hlotið hafa löggildingu bæjarstjórnar, hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það jafnt um nýlagnir og breytingar og/eða viðgerðir á eldri lögnum. Þeir bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktan uppdrátt og nánari fyrirmæli er kunna að verða sett.

11. gr.

Ef pípulagningameistari eða starfsmenn, sem hann ber ábyrgð á, brjóta í bága við reglugerð þessa, getur vatnsveitunefnd veitt honum áminningu. Sé um miklar sakir eða itrekuð brot að ræða, getur bæjarstjórn svipt hann löggildingu um lengri eða skemmri tíma.

12. gr.

Með samþykki uppdráttar er engin ábyrgð tekin á því, að unnt sé að leggja vatnsæð samkvæmt honum, vegna lagna eða annarra mannvirkja, er kunna að vera fyrir.

13. gr.

Vatnsveitan hefur eftirlit með því, að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa.

Engar lagnir má hylja fyrir en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Sé verk, að áliti vatnsveitunnar eða eftirlitsmanns hennar, ekki unnið í samræmi við reglugerð þessa eða reglur sem kunna að verða settar, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr ágöllumunum.

Eftirlit vatnsveitunnar rýrir á engan hátt ábyrgð pípuلاغningameistara, sbr. 11. grein.

14. gr.

Skylt er hverjum húseiganda, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í æðunum.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

15. gr.

Bæjarstjórn, umsjónarmanni og löggiltum vatnsvirkjum er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær.

Ef þeim útbúnaði þykir í einhverju ábótavant, skal tafarlaust bætt úr því á kostnað eiganda.

16. gr.

Heimilt er bæjarstjórn að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar af þessum sökum. Bæjarstjórn getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, sé skortur á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þörf krefur, vegna hreinsunar eða annarra framkvæmda við vatnsveituna, enda skal það tilkynnt áður, sé þess nokkur kostur.

17. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

18. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

19. gr.

Vatnsskattur fellur í gjalddaga 15. janúar ár hvert.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillitis til eigendaskipta.

20. gr.

Til að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af fasteignum eins og hann er ákveðinn í gjaldskrá vatnsveitunnar hverju sinni.

Af húsum, sem ekki eru virt fasteignavirðingu, og greiða ber vatnsskatt af, skal greiða vatnsskatt samkvæmt ákvörðun vatnsveitunnar. Aukavatnsskatt skal innheimta af verksmiðjum, iðnfyrirtækjum og öðrum atvinnufyrirtækjum, og öðrum sem nota vatn til annars en heimilisnotkunar.

21. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi bæjarstjórnar eða þess aðila, sem bæjarstjórn hefur falið slökkvistarf í bænnum.

22. gr.

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála er reglugerðin fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur frá 31. júlí 1969.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir hvert hús sem fær vatn frá Vatnsveitu Bolungarvíkurkaupstaðar skal greiða tengigjald, kr. 20.00 á hvern rúmmetra húss, allt að 2000 rúmmetra að stærð, en kr. 12.00 á hvern rúmmetra sem þar er umfram. Lágmarkstengigjald er kr. 10 000.00.

2. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hvernar fasteignar, þ. e. mat mannvirkja og lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.30% af framangreindu mati. Lágmarksupphæð fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 200.00.

Aukavatnsskattur.

3. gr.

Aukavatnsskatt samkvæmt 2. gr. skal greiða fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottaplön, svo og aðrir, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa.